Nr. 2.
13.
jan.

# Lög

um

víxilmál og víxilafsagnir.

**Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Víxilmál eru:

þau mál, sem hafin eru gegn útgefendum, framseljendum, og samþykkjendum víxla á hendur öðrum manni, eða gegn útgefendum og framseljendum eiginna víxla, þeim til lúkningar, eða til að framkoma fullnustu kröfu eptir víxilrjetti;

þau mál, sem hafin eru gegn útgefendum og framseljendum víxla sökum skorts á samþykki til borgunar víxli, eða þeirri fjárhæð sem eigi er samþykkt (29. gr. víxillaganna), eða gegn útgefendum, framseljendum og samþykkjendum, til þess trygging verði sett, þá er samþykki hefur brugðizt eða eigi verið tryggjandi (25. 26. og 30. gr. víxillaganna);

þau mál, sem hafin eru gegn þeim, sem gengið hefur í borgun (aval) fyrir víxilskyldan mann, skyldunni til fullnustu.

2. grein.

Víxilmál þarf eigi að leggja til sátta.

3. grein.

I víxilmálum má eigi leyfa hinum stefnda að koma fram með aðrar varnir að efninu til en þær:

a) sem lúta að því, að hinn stefndi hafi eigi verið þess ráðandi að skuldbinda sig þannig, þá er hann skrifaði undir, eða að nafnið sje falsað, eða eitthvað falsað í víxlinum, eptir að hann ritaði nafn sitt undir;

b) eða sem snerta sjálft form og efni víxilsins, eða aðferðina að halda víxilkröfunni í gildi, eða önnur skilyrði, sem í víxillögunum eru ákveðin fyrir því, að víxilrjettar verði neytt.

# Lov

om

## Vexelsager og Vexelprotester.

Nr. 2.
13de
Januar.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Vexelsager ere:

Sager, som anlægges mod Trassenter, Endossenter og Akceptanter af trasserede Vexler eller mod Udstedere og Endossenter af egne Vexler til Vexlens Betaling eller for at gjøre Vexelregres gjældende;

Sager, som anlægges mod Trassenter og Endossenter af Vexler paa Grund af manglende Akcept, til Betaling af Vexelsummen eller det ikke akcepterede Beløb (Vexellovens § 29), eller mod Trassenter og Endossenter samt Akceptanter paa Grund af manglende eller ikke betryggende Akcept, til Stillelse af Sikkerhed (Vexellovens §§ 25, 26 og 30);

Sager, som anlægges mod dem, der have tegnet Borgen (Aval) for en vexelforpligtet Person, til Vexelforpligtelsens Opfyldelse.

§ 2.

Vexelsager ere undtagne fra den tvungne Forligsprøve.

§ 3.

Under Vexelsager kan det ikke tillades Sagsøgte at fremsætte andre Indsigelser i Realliteten end saadanne:

a) som gaa ud paa, at Sagsøgte ikke ved Underskriftens Meddelelse var mægtig og myndig til saaledes at forbinde sig, eller at Underskriften er falsk, eller at der i Vexlens Indhold, efter at han har meddelt sin Underskrift, er foregaaet nogen Forfalskning,

b) eller som angaa selve Vexlens Indretning og Indhold eller den til Vexelfordringens Vedligeholdelse fornødne Omgang, eller andre i Vexelloven foreskrevne Betingelser for at kunne gjøre Vexelretten gjældende.

Nr. 2. 13. jan.

Engar aðrar varnir, er að efninu lúta, má taka til greina í málinu, en rjett er hinum stefnda, ef hann fær eigi slíkum vörnum fram komið, að taka upp sjerstakt mál til endurgjalds gegn sækjanda, enda hafi hinn stefndi tilgreint þær í vörn sinni, eða geymt sjer rjett til þeirra.

Eigi er sækjandi skyldur að setja trygging fyrir sakir slíkra varna, en hinn stefndi á þess kost að leita sjer tryggingar með kyrrsetning, og skal þá gæta þess, sem fyrir er mælt í N. L. 1. bókar, 19. kap.

4. grein.

I víxilmálum má að eins gjöra gagnkröfur, sem byggðar eru á því, að hinn stefndi hafi beðið tjón af því, að tilkynning hafi eigi verið gefin, sem segir í 20., 30., 42., 45. og 75. gr. víxillaganna. Sje dóms eigi krafizt sjer í lagi fyrir nokkrum hluta gagnkröfunnar má koma fram með hana án gagnsóknar. Þá er kyrrsetning hefur gjörð verið fyrir víxilkröfu og kyrrsetningunni síðan haldið til dóms og laga, skal að vísu fara með kyrrsetningarmálið sem víxilmál, þó má hefja gagnsókn í því máli til ógildingar kyrrsetningunni, sökum þess að krafan sje röng, og til endurgjalds fyrir hina ólögmætu gjörð.

5. grein.

Í víxilmálum má eigi veita hinum stefnda lengri frest en viku til að koma vörn fyrir sig, nema samþykki sækjanda komi til, eða skýr rök sje leidd að því, að hann þurfi lengri frest til varnar sjer.

6. grein.

Kveða skal upp dóm í víxilmálum, eigi síðar en á vikufresti frá dómtöku, eða svo skjótt sem verða má, ef málið er stærra en víxilmál gjörast að jafnaði, eða önnur atvik eru því til fyrirstöðu, svo skal og tafarlaust gefa eptirrit af dóminum og dómsgjörðirnar, þá er krafizt er. Ella er dómari sekur eptir tilsk. 3. júní 1796, 35. og 39. gr. um opinber mál og gjafsóknarmál. Ef dómsagnarfrestur N. L. 1—5—8 er látinn hjá líða, varðar það sektum sem þar segir.

Þessi ákvæði ná og til yfirdómsins, og skal því, þegar málið hefur beðið dóms lengur en viku, rita á dómsgjörðirnar, hve lengi málið hafi verið hjá hverjum dómanda, samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 23. gr.

7. grein.

Þegar dómur er kveðinn upp í málum, sem getið er í lögum þessum, og hinn dæmdi skýtur honum til æðra dóms, skal fara eptir N. L. 1--6-21 og tilsk. 13. janúar 1792, enda þótt dóminum eigi sje skotið beina leið til hæstarjettar; þannig má gjöra fjárnám, eða að minnsta kosti leggja löggeymslu á fje hans, þó áfrýjað hafi verið, ef þau skilyrði eiga sjer stað, sem ákveðin eru í tjeðri tilskipun.

8. grein.

Sje krafa sækjanda um trygging álitin rjett eptir 25., 26. og 30. gr. víxillaganna, má ákveða í dóminum, ef sækjandi heimtar, að löggeymsla sje lögð á svo mikla fjemuni, sem nægja til tryggingarinnar. Eigi hindrar það löggeymslu þessa, þó dóminum sje áfrýjað.

Alle andre Indsigelser i Realiteten ere udelukkede fra under Sagen at komme i Betragtning, men det staar Sagsøgte frit for, i Anledning af slige Indsigelser, naar han i sit Tilsvar har opgivet eller idetmindste forbeholdt dem, at anlægge et selvstændigt Erstatningssøgsmaal mod Sagsøgeren.

Det paaligger ikke Sagsøgeren med Hensyn til saadanne Indsigelser at stille nogen Sikkerhed, men det maa i alt Fald være Indstævntes Sag, under Iagttagelse af Norske Lovs Forskrifter i 1. B. 19 Kap. at søge Sikkerhed ved Arrest.

§ 4.

I Vexelsager kunne kun saadanne Modfordringer fremsættes, som ere støttede paa, at der ved Forsømmelse med at give den i Vexellovens §§ 20, 30, 42, 45 og 75 omhandlede Underretning er forvoldt Sagsøgte Skade. Gaar Paastanden ikke ud paa at faa selvstændig Dom for nogen Del af Modfordringens Beløb, kan Modfordringen gjøres gjældende uden Kontrasøgsmaal. Naar der for Vexelkrav er gjort Arrest, og denne derefter forfølges, skal det under Arrestforfølgningssagen, skjøndt den iøvrigt bliver at behandle efter de for Vexelprocessen givne Regler, være tilladt at anlægge Kontrasøgsmaal til Arrestens Ophævelse paa Grund af Fordringens Urigtighed og til Erstatning for den ulovlige Forretning.

§ 5.

Der maa i Vexelsager uden Sagsøgerens Samtykke ikke gives den Indstævnte mere end 8 Dages Udsættelse til at fremme sit Tilsvar i Sagen, medmindre det klart oplyses, at yderligere Udsættelse er ham nødvendig til sit lovlige Forsvar.

§ 6.

Dommen i Vexelsager skal, hvis ikke Sagen har faaet en større Vidtløftighed end den, der for Vexelsager er sædvanlig, eller andre særdeles Omstændigheder ere til Hinder, afsiges senest inden 8 Dage efter Sagens Optagelse til Doms, og ellers saasnart muligt, ligesom og Dommen og Domsakten uden Ophold skal paa Forlangende gives beskreven, alt under saadan Bøde, som Forordningen af 3. Juni 1796 §§ 35 og 39 bestemmer for befalede Sager. Hvis den i N. L. 1—5—8 bestemte Termin til Doms Afsigelse er forsømt, bliver den der fastsatte Bøde at anvende.

Disse Bestemmelser gjælde ogsaa ved Overretten, og skal derfor Akten, naar Sagen har været optagen over 8 Dage, forsynes med Omgangspaategning overensstemmende med Fdg. 3die Juni 1796 § 23.

§ 7.

Naar Dom i de i denne Lov omhandlede Sager er affagt, og samme af den domfældte Vexelskyldner paaankes, bliver N. L. 1—6—21 og Forordningen af 13de Januar 1792 at anvende, uagtet Dommen ikke umiddelbart indstævnes til Høiesteret, saa at, under de i bemeldte Forordning fastsatte Betingelser, Exekution eller i alt Fald Affætningsforretning kan iværksættes uden Hensyn til den udtagne Ankestævning.

§ 8.

Findes Sagsøgerens Krav paa Sikkerhedsstillelse i Medfør af Vexellovens §§ 25, 26 og 30 begrundet, bliver han, naar derom er nedlagt Paastand, i Dommen at kjende berettiget til strax at nyde Affætning i saa meget Gods, som er fornødent til Sikkerheden. Saadan Affætning kan ikke afvendes ved Dommens Paaanke.

Nr. 2.
13.
jan.

9. grein.

Fáist eigi trygging eptir 8. gr., má þegar í stað gjöra kyrrsetning, en eigi má fógeti þá heldur en endrarnær, þá krafizt er kyrrsetningar í víxilmálum, heimta trygging af gjörðarbeiðanda, nema bornar sje fram við kyrrsetningargjörðina varnir, sem taka má til greina í víxilmálum eptir 3. gr. laga þessara. Halda skal þegar í stað kyrrsetningunni til dóms að lögum.

10. grein.

Afsagnir þær, sem getið er í víxillögum fyrir Ísland, gjörir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarial-störfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, mega tveir órækir vottar gjöra afsögnina á þann hátt, sem segir í 82. gr. víxillaganna, sbr. 89. og 91. gr. Afsagnar má beiða munnlega þann, sem á að gjöra hana, ef víxillinn er fenginn honum. Eptirrit af afsagnargjörð má eigi veita öðrum en gjörðarbeiðanda.

11. grein.

Lög þessi öðlast gildi sama dag, sem víxillög fyrir Ísland, og koma þau í stað ákvæða tilskipunar 18. maí 1825 um víxilmál og víxilafsagnir. Þó taka ákvæði hennar til allra víxla, er út eru gefnir, áður en víxillögin öðlast gildi.

**Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.**

*Gefið á Amalíuborg, 13. dag janúarm. 1882.*

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 9.

I Mangel af Fyldestgjørelse af de i § 8 ommeldte Krav paa Sikkerhedsstillelse kan derhos strax foretages Arrest hos den Paagjældende. Fogden maa i saadant Tilfælde, ligesom ellers naar Arrest begjæres i Vexelsager, ikke affordre Rekvirenten nogen Sikkerhed, medmindre den Paagjældende under Arrestforretningen fremsætter nogen af de Indsigelser, der i Medfør af denne Lovs § 3 kunne komme i Betragtning under Vexelsagen. Iøvrigt bør Arresten strax lovlig forfølges.

§ 10.

De i Vexellov for Island ommeldte Protester udføres af Notarius publicus eller den Embedsmand, som efter Lovgivningen udfører Notarialforretninger. Skulde det Tilfælde indtræffe, at saadan Embedsmands Medvirkning ikke i betimelig Tid kan haves, kan Protesten optages af to lovfaste Vidner paa den Maade, som Vexellovens § 82, jfr. 89 og 91, foreskriver. Mundtlig Rekvisition til den eller dem, der skulle optage Protesten, er tilstrækkelig, naar tillige Vexlen overleveres. Af Protestforretningen maa Udskrift ikke meddeles andre end Protestrekvirenten.

§ 11.

Denne Lov, der træder i Kraft samme Dag som Vexelloven for Island, træder i Stedet for de i Forordningen angaaende trasserede Vexler af 18. Maj 1825 indeholdte Bestemmelser om Vexelsager og Vexelprotester, hvilke dog fremdeles komme til Anvendelse med Hensyn til alle Vexler, der ere udstedte før den Dag, da Vexelloven for Island træder i Kraft.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de Januar 1882.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*